

ÞRÓUNARSJÓÐUR NÁMSGAGNA

Ársskýrsla 2019

Hlutverk Þróunarsjóðs námsgagna er að stuðla að nýsköpun, þróun, gerð og útgáfu námsgagna fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla með það að markmiði að tryggja framboð og fjölbreytileika námsgagna í samræmi við þarfir nemenda og skóla. Stjórnin skal eiga samráð við kennara og skóla og fylgjast með þróun og nýsköpun í námsgagnagerð fyrir áðurnefnd skólastig.

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar stjórn Þróunarsjóðs námsgagna á fjögurra ára fresti og mun því ný stjórn taka við á næsta ári. Félag íslenskra framhaldsskóla, Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna fjóra af fimm stjórnarmönnum. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar formann án tilnefningar.

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum um námsgögn og þar er m.a. kveðið á um að stjórn hans ákveði skiptingu á fjármunum sjóðsins og beri ábyrgð á umsýslu hans. Sjóðsstjórn er heimilt að fá aðstoð sérfræðinga við mat á umsóknum. Ennfremur segir að mennta- og menningarmálaráðherra setji sjóðnum reglugerð, þar sem m.a. sé kveðið á um skipulag hans og reglur um úthlutun. Ákvarðanir sjóðstjórnar um úthlutanir eru endanlegar og verður ekki skotið til æðra stjórnvalds.

Stjórn Þróunarsjóðs námsgagna árið 2019 skipuðu:

- Þórir Ólafsson, formaður
- Anna María Gunnarsdóttir, fulltrúi KÍ
- Hanna Berglind Jónsdóttir, fulltrúi KÍ
- Ingi Bogi Bogason, fulltrúi FÍF
- Þórdís H. Ólafsdóttir, fulltrúi SÍS

Stjórnin hélt fjóra fundi á tímabilinu á árinu 2019:

- 8. febrúar (stjórnarfundur)
- 15. apríl (stjórnarfundur – úthlutun)
- 5. desember (stjórnarfundur – Áherslur næsta árs)

Starfsemi

Forgangsráði sjóðsins á árinu voru þrjú: Námsefni fyrir framhaldsskóla og leikskóla, námsefni fyrir íslensku, íslensku sem annað tungumál og íslenskt tákni- og aðlögun á námsefni á öllum skólastigum. Ákveðið var að opna fyrir umsóknir um miðjan desember og hafa umsóknarfrest út janúarmánuð. Stjórn sjóðsins ákvað að skipta styrkumsóknunum í tvennt frá og með þessari úthlutunarlotu. Áfram var hægt að sækja um almennan þróunarstyrk fyrir allt að 2 m.kr. en nú var einnig hægt að sækja um þróunar- og útgáfustyrk fyrir allt að 4 m.kr. Ákveðið var að veita að hámarki tveimur umsóknum þennan hámarksstyrk, að skilyrðum settum.

Sjóðnum bárust alls 87 styrkumsóknir og námu fjárbeiðnir alls rúmunum 174,7 m.kr. Flestir umsækjendur báðu um 2 m.kr., en meðalupphæð styrkbeiðna nam rétt rúmlega 2 m.kr.

79 umsóknir (92%) féllu undir ofangreind forgangstriði ársins en 7 umsóknir (8%) féllu undir önnur áhersluatriði.

Aðalumsækjendur voru ýmist einstaklingar eða fyrirtæki; um var að ræða 23 karla (27%), 42 konur (49%) og 21 fyrirtæki/stofnanir (24%). Meðumsækjendur voru alls 35 talsins; 14 karlar (40%) og 21 konur (60%).

Allar umsóknir voru metnar annars vegar í innra mati af meðlimum stjórnar Þróunarsjóðs námsgagna og hins vegar í ytra mati af sérfræðingum sem skipaðir voru til verksins af Rannís. Báðir matsaðilar gáfu hverju verkefni fyrir sig einkunn og umsögn. Öllum upplýsingum var svo safnað saman fyrir stjórn Þróunarsjóðs námsgagna sem ákvað úthlutun ársins.

Stjórn Þróunarsjóðs námsgagna ákvað að veita styrk til 27 verkefna fyrir árið 2019 fyrir alls 51,1 m.kr. Þetta voru 4 karlar (15%), 14 konur (52%) og 9 fyrirtæki/stofnanir (33%). Upplýsingar um styrkþega, heiti verks og styrkupphæðir má sjá í listanum hér að neðan.

Nafn styrkþega	Heiti verks	Úthlutað
Andrés Ellert Ólafsson	<i>Tungumálið mitt</i>	2.000.000
Anna Dóra Antonsdóttir	<i>Flugumýrarbrenna og brúðkaup</i>	1.100.000
Anna Margrét Ólafsdóttir	<i>Gulur, rauður, grænn og blár</i>	1.988.000
Ásta Vilhjálmsdóttir	<i>GERA SJÁLFUR – Textílmennnt og sjálfbærni</i>	2.000.000
Birna Arnbjörnsdóttir	<i>Vefnámskeið í íslensku sem öðru tungumáli fyrir snjalltæki ætlað börnum á aldrinum 5-7 ára</i>	3.000.000
Bryndís Guðmundsdóttir	<i>Lærum og leikum með hljóðin; smáforrit fyrir snjalltæki – síðari hluti</i>	2.000.000
Forlagið ehf.	<i>Skáld skrifa þér – 1550-1920</i>	1.000.000
Forlagið ehf.	<i>Kynjafræði fyrir framhaldsskóla</i>	1.300.000
Gréta Mjöll Bjarnadóttir	<i>Hvernig á að gera þetta! Grafík-Pappír-Tau. Þrjár rafrænar kennslubækur í aðferðum listgreina</i>	2.000.000
H.A – Miðstöð skólaþróunar	<i>Orðaleikur</i>	2.000.000
H.A – Miðstöð skólaþróunar	<i>Byrjendalæsi – verkefni á vef</i>	1.825.000

H.A – Miðstöð skólaþróunar	<i>Mannkostamenntun</i>	1.980.000
Helga Rut Guðmundsdóttir	<i>Leikskólagull: Söngperlur og tónlistarefni fyrir leikskóla</i>	2.000.000
IÐNMENNT ses.	<i>Kælitækni 1,2 og 3</i>	2.000.000
IÐNMENNT ses.	<i>Örverufræði fyrir framhaldsskóla</i>	2.000.000
IÐNMENNT ses.	<i>Fagteikning húsasmiða</i>	2.000.000
Ingibjörg Guðmundsdóttir	<i>Námsefni um svefn</i>	2.000.000
Joanna Ewa Dominiczak	<i>Lítið Ísland - framhald</i>	2.000.000
Jóhann Óli Hilmarsson	<i>Lífið í fjörunni</i>	2.000.000
Kjartan Heiðberg	<i>SKO – Kennslubók í horna- og rúmfræði</i>	2.000.000
Rannveig Magnúsdóttir	<i>Námsefni um vistheimt fyrir unglíngastig grunnskóla og framhaldsskóla</i>	2.000.000
Róbert Jack	<i>Dygðir og lestir í Gíslasögu</i>	1.650.000
Sigríður Ingadóttir	<i>Krakkaspjall - verkefnabók</i>	880.000
Spekingur ehf.	<i>Myrka Ísland</i>	400.000
Svanhildur Kr. Sverrisdóttir	<i>Ísleifur. Rafrænt námsefni á íslensku</i>	4.000.000
Valdís Ingibjörg Jónsdóttir	<i>Lærðu málið strík fyrir strík</i>	1.985.000
Þorbjörg Halldórsdóttir	<i>Íslenska er málið – framhald1</i>	2.000.000
		51.108.000

Umsýslu sjóðsins annaðist Skúli Leifsson, starfsmaður Rannís, en stofnunin sér um rafrænt umsóknarkerfi, lokaskýrslur og tölfræði, upplýsingagjöf til umsækjenda, utanumhald funda stjórnar og greiðslur styrkja.

Reykjavík 17. janúar 2020

Skúli Leifsson, Rannís